



Reykjavíkurborg

Borgarstjórnin í Reykjavík

Reykjavík, 15. október 2019

R19100031

250

Borgarráð

Starfshópur um börn innflytjenda í Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík eru lögð fram til kynningar. Hlutverk starfshópsins er að taka saman og rýna niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda, líðan þeirra, einelti, neyslu, þátttöku í íþróttum og félagsstarfi, nám eftir skólaskyldu og fleira.

Greinagerð:

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var samþykkt í borgarstjórn þann 10. apríl 2018. Stefnan og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir byggir á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2002, lögum um útlendinga nr. 80/2016, mannréttindayfirlýsingu Sameinu þjóðanna, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis, samningi um réttarstöðu flóttamanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu. Ein af aðgerðum stefnunnar er að skipaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að taka saman niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi starfshóps um börn innflytjenda í Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Starfshópur um börn innflytjenda í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vernd var samþykkt í borgarstjórn þann 10. apríl 2018. Stefnan og aðgerðaáætlunin sem henni fylgir byggir á lögum um málefni innflytjenda nr. 116/2002, lögum um útlendinga nr. 80/2016, mannréttindayfirlýsingu Sameinu þjóðanna, alþjóðasamningi um afnám alls kynþáttamisréttis, samningi um réttarstöðu flóttamanna, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og mannréttindasáttmála Evrópu. Ein af aðgerðum stefnunnar er að skipaður verði starfshópur sem hafi það hlutverk að taka saman niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda.

Hlutverk:

Hlutverk starfshópsins er að taka saman og rýna niðurstöður rannsókna síðastliðinna ára um börn innflytjenda, líðan þeirra, einelti, neyslu, þátttöku í íþróttum og félagsstarfi, nám eftir skólaskyldu og fleira.

Helstu verkefni:

- Kortlagning og samantekt á rannsóknum um börn innflytjenda á Íslandi.
- Rýni á spurningar í fyrirliggjandi könnunum og niðurbrot í þeim, t.d. eftir móðurmáli.
- Kostnaðarmetnar tillögur um úrbætur á fyrirkomulagi kannana og rannsókna.
- Kostnaðarmetnar tillögur um aðgerðir til að bæta stöðu barna innflytjenda á Íslandi, byggðar á niðurstöðum rannsókna.

Starfshópurinn skipa:

Fulltrúi skóla- og frístundasviðs (formaður).

Fulltrúi velferðarsviðs.

Fulltrúi íþróttá- og tómstundasviðs

Fulltrúi mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfisins hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Niðurstöður hópsins skulu kynntar í drögum fyrir fjölmeningarráði og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði.

Starfstímabil:

Starfshópurinn skili ábyrgðarmanni kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok desember 2019.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson